

Selfossi, 25. maí 2000

76. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 24. maí 2000, kl. 10:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson og Sesselja Jónsdóttir.
Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tryggvi Ólafsson,
umhverfisfræðingur.

Dagskrá:

- 1. Kosning formanns og varaformanns.**
Karl Björnsson kosinn formaður og Ágúst Ingi Ólafsson varaformaður.
- 2. Upplýsingar um starfsemina í Kirkjuferjuháleigu.**
Rætt um starfsemina. Samþykkt að skrá verklagsreglur fyrir starfsemina á svæðinu.
Upplýst var að fyrstu 4 mánuði ársins hefðu borist 7.587 tonn til stöðvarinnar, sem er í samræmi við áætlun.
- 3. Kynningarmál Sorpstöðvarinnar.**
Guðmundur Tryggvi kynnti hugmyndir um gerð kynningarefnis fyrir dagblöð, veggspjöld, skjávarp og sjónvarp.
Samþykkt að vinna áfram á grundvelli þessara hugmynda.
Einnig samþykkt að dreifa korti með upplýsingum um losunarstaði sorps víðar en nú er gert, t.d. á sundstaði.
Kynntar hugmyndir og tillögur að samræmdum merkingum á úrgangsflokkun.
Samþykkt að dreifa merkingum til aðildarsveitarfélaga á næstunni.
- 4. Frágangur urðunarsvæðis.**
Fram kom að fyrirliggjandi tillaga verður á dagskrá í Bæjarstjórn Ölfuss á morgun 25. maí.
- 5. Þróun sorphirðumála - nýjungar og framtíðarsýn.**
Kynnt að til standi að afla upplýsinga um nýjungar í umhverfismálum í Evrópu í samvinnu við fleiri fyrirtæki.
- 6. Málefni Kjötmjöls.**
 - a) Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf., frá 24. feb. s.l. Til kynningar.

b) Í lok fundar fór stjórn Sorpstöðvarinnar í heimsókn á byggingarstað kjötmjölsverksmiðjunnar í Hraungerðishreppi.

c) Stjórnin samþykkti eftirfarandi athugasemd við fundargerð aðalfundar frá 7. mars s.l.

“Í 2. lið er ástæða gjaldskrárhækkunar ársins rangt tilgeind, sbr. ársskýrslu stjórnar.”

Fundi slitið kl. 11:30

Karl Björnsson
Sesselja Jónsdóttir
Ágúst Ingi Ólafsson
Guðmundur Tr. Ólafsson
Þorvarður Hjaltason